Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

# Askja

# 2026– 2027



## Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

1.Greinargerð leikskólastjóra ..... 3

2.Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 ..... 4

3.Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 ..... 5

4.Starfsþróunarsamtöl ..... 6

5.Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans ..... 6

6.Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ..... 6

7.Foreldrasamstarf ..... 6

8.Skipulagsdagar og leikskóladagatal ..... 6

9.Þróunarverkefni ..... 6

10.Fylgiskjöl: ..... 7

10.1**Innra mat xxx deildar/deilda 2025-2026** ..... 7

10.2**Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027** ..... 8

**10.3Umsögn foreldraráðs** ..... 10

## 1. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2025-2026 var fjórða skólaár okkar í Skógarhlíð 6. Starfsemin fluttist þangað sumarið 2022, eftir umfangsmikla vinnu við að koma heilu skólasamfélagi fyrir á nýjum stað. Staðsetningin og húsnæði eru þó hugsuð sem tímabundin lausn á meðan verið er að semja um og byggja skólasamfélagi okkar fastan framtíðar samastað. Á vordögum barst loks staðfesting á því að framtíðarhúsnæði skólasamfélagsins okkar verði reist á Nauthólsvegi, þar sem fyrirhugaður er lífsgæðakjarni á Loftleiðareitnum. Reitir mun annast uppbyggingu skólans.

Á þessum tíma hefur skólinn okkar haldið áfram að vaxa, með ákveðnum vaxtarverkjum á köflum. Starfsfólk okkar á mikið hrós og þakklæti skilið fyrir ómetanlegt starf við uppbyggingu öflugs skólastarfs þrátt fyrir krefjandi áskoranir í nýju umhverfi. Rask og áskoranir á skólaumhverfinu hafa ekki haft neikvæð áhrif á niðurstöður foreldrakönnunar, sem sýna mikla ánægju með starfið. Það sýnir að okkur hefur tekist að halda uppi vönduðu starfi undir miklu álagi, án þess að börn og foreldrar hafi fundið fyrir því.

Könnun á meðal starfsfólks kom einnig gríðarlega vel út í ár og hefur hún raunar ekki komið svona vel út eftir að við fluttum í nýtt húnsæði. Hér ríkir greinilega mikil ánægja á meðal foreldra og starfsfólks.

Ungbarnakjarni (Litli kjarni) hefur haldið áfram í þróun hjá okkur en þar höfum við breytt aðeins dagskránni og utanumhaldi til að mæta enn betur þörfum barnanna. Við leggjum ofur áherslu á málörvun og orðaforðavinnu á yngsta kjarnanum okkar til að leggja góðan grunn að málþroska. Við erum einnig að þróa umhverfi Litla kjarna og breytum honum úr einum stórum kjarna í tvo minni, til að halda enn betur utan um starfið þar.

Við höfum haldið áfram vinnunni með málörvunaráætlunina okkar í vetur. Áætlunin varð til fyrir þremur árum og byggir m.a. á orðaforðalista MMS og lotum okkar úr kynjanámskránni. Lagt er upp með að hver kjarni og aldurshópur fái sinn efnis- og orðaforðapakka til að vinna eftir yfir skólaárið. Vel hefur gengið að innleiða áætlunina og vinna eftir henni, og á komandi skólaári verður áfram unnið að því að þróa hana og styrkja framkvæmd hennar.

Við höfum jafnframt rýnt í og rætt hvernig best sé að samræma vinnubrögð okkar og vinna markvisst sem ein heild. Með það að leiðarljósi höfum við skipulagt komandi skólaár með áherslu á skýra verkferla, skráningar, endurmenntun og þjálfun nýs starfsfólks. Umbótaráætlunin tekur jafnframt mið af niðurstöðum starfskönnunar. Við erum að taka í notkun nýja skimunarlista sem stjórnendateymi Öskju hefur sett saman en við byggjum hann á ýmsum gagnlegum listum og upplýsingum eins og Tras, Hvað á barnið mitt að geta eftir Bryndísi Guðmunsdóttur talmeinafræðing, þroskalista frá

Heilsugæslunni, Hvar stend ég, upplýsingar um málþroska barna frá Heyrnar- og talmeinastöðinni og fleira.

Nú þegar Askja og Barnaskólinn í Reykjavík eru staðsett undir sama þaki í Skógarhlíðinni er samvinnan með fimm ára börnum þægilegri og nær okkur. Mörg af fimm ára börnunum eru orðin læs í lok skólaárs, enda búið að leggja inn bókstafi eftir hljóðaaðferðinni í vetur. Eins hafa tölustafir verið lagðir inn með markvissum hætti. Fimm ára börnin sóttu íþróttatíma í Valsheimilinu einu sinni í viku yfir skólaárið og fóru á stutt sundnámskeið í vor. Einnig hafa þau tekið þátt í nokkrum smiðjum sem Barnaskólabörnum er boðið upp á í skólanum eins og smiðja um himingeiminn, heimilisfræði, hönnun og smíði, mynd- og tónlist. Í vor fóru þau svo öll í skólaferðalag í Vatnaskóg og gistu þar eina nótt með kennurum sínum. Nú er vinna í gangi við að Barnaskólinn fái starfsleyfi fyrir fimm ára börnin en fimm ára starfið hefur verið samvinna Öskju og Barnaskólans í mörg ár. Samvinnan og fimm ára starfið verður áfram unnið á sama grunni og áður, með góðri og traustri reynslu að baki.

Meginreglurnar okkar standa alltaf fyrir sínu og eru leiðarljós í starfinu okkar. Meginreglurnar eru sex talsins og settar upp í skýrri forgangsröð. Í þeim birtast hugsjónir okkar, bæði innri þættir eins og lífsgildin sem við starfsfólk sameinumst um; viðhorf, mannskilningur og lífssýn og svo ytri þættir eins og skipulag, starfshættir og aðferðir sem byggja á umræddum hugsjónum og einkenna Hjallastefnuskóla.

Markmið meginreglanna er að byggja upp jákvæða og kærleiksríka skólamenningu og að leggja af mörkum til grenndarsamfélags okkar, þannig að við getum haft áhrif til góðs hvar sem við komum. Hlutverk meginreglnanna er að tryggja að skólaskipulag og starfsaðferðir séu í fullkomnum takti við hugsjónir, frá hinu stærsta til hins smæsta.

**Örstutt kynning á meginreglunum:**

1. **Börn og foreldrar**

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er, virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

**2. Starfsfólk**

Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks sem og í öllum samskiptum við börn, foreldra og annarra sem koma að málum skólans.

**3. Umhverfi**

Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðráðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

**4. Efniviður**

Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi, í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim, með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.

**5. Náttúra**

Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

**6. Samfélag**

Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan, en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu er viljinn mótaður þannig að hann leiði til öryggis og frelsis fyrir alla, í rósemd og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgðar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Kynjanámskráin er útfærsla á hugmyndafræði Hjallastefnunnar, þar sem markmiðið er að tryggja jafnrétti kynjanna sem og annarra hópa og veita börnum frelsi frá neikvæðum afleiðingum kynjakerfisins og staðalmyndum. Hjá Hjallastefnunni er gengið út frá þeirri kennisetningu að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi hugmynda um kynhlutverk og vegna kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kyns. Kynjanámskráin tryggir að öll börn fái heildstæða þjálfun í mannlegum eiginleikum óháð kyni, en markmiðið er að veita öllum börnum jöfn tækifæri til að leika og læra á eigin forsendum, án takmarkana sem kynjakerfið setur. Hver lota stendur í fjórar vikur í senn og byggjast loturnar á því að þjálfa og bæta, bæði einstaklings- og félagsfærni hvers barns. Með því að fylgja eftir öllum sex lotunum fær hvert barn heildstæða þjálfun í einstaklings- og félagsfærni þar sem jafnvægi ríkir á milli eiginleika sem eru oft tengdir við kyn. Allir þættir kynjanámskrárinnar eru þó ávallt í forgrunni í öllu skólastarfi.

**Lotur í kynjanámskrá Hjallastefnunnar:**

**1. Agi;** *virðing, hegðun, kurteisi, framkoma*

**2. Sjálfstyrking;** *sjálfstæði, sjálfstraust, öryggi, tjáning*

**3. Samskipti;** *umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða*

**4. Jákvæðni;** *bjartsýni, gleði, ákveðni, hreinskiptni*

**5. Vinátta;** *félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur*

**6. Áræðni;** *kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði*

## 2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

### Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

| | |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Rafræn viðhorfskönnun |
| **Hverjir tóku þátt í matinu?**<br>**(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsfólk skólans |
| **Helstu niðurstöður mats**<br>**(styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Umbótaáætlun (sjá neðar) |

| | |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Eftirlitsskoðun og heimsókn frá matsaðilum, gæðainnlit |
| **Hverjir tóku þátt í matinu?**<br>**(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsfólk frá Hjallamiðstöð og starfsfólk skólans |
| **Helstu niðurstöður mats**<br>**(styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Mjög jákvæðar niðurstöður (sjá fylgiskjal) |

### Ytra mat

| | |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Rafræn viðhorfskönnun |
| **Hverjir tóku þátt í matinu?**<br>**(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Foreldrar |
| **Helstu niðurstöður mats**<br>**(styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Umbótaáætlun (sjá neðar) |

## 3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni.** Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

| | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Sjá fylgiskjal Umbótaáætlun |
| **Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?** | Sjá fylgiskjal Umbótaáætlun |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Sjá fylgiskjal Umbótaáætlun |
| **Ábyrgð** | Sjá fylgiskjal Umbótaáætlun |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Sjá fylgiskjal Umbótaáætlun |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Sjá fylgiskjal Umbótaáætlun |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Sjá fylgiskjal Umbótaáætlun |

## 4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fara fram tvisvar á skólaári. Það fyrra er á haustönn en þá er farið yfir ákveðinn lista sem starfsfólk hefur fyllt út og farið yfir styrkleika sína og hverju það vill skerpa á í starfi sínu. Svo eru sett markmið fram að næsta samtali sem er á vorönn. Í seinna samtalinu er farið yfir markmiðin aftur og rætt hvernig tókst til. Eins er horft til framtíðar og starfsfólk fær tækifæri til að koma með óskir ef einhverjar eru auk þess sem næstu skref í starfi eru ákveðin og ný markmið sett.
Starfsfólksfundir eru haldnir reglulega en þar skerpum við á Hjallastefnunni og hugmyndafræðinni sem við störfum eftir. Á lotufundum rýnum við í komandi lotu hverju sinni og markmið hennar. Á hverju hausti er haldin hausträðstefna Hjallastefnunnar, þar sem starfsfólk af öllu landinu kemur saman og fræðist um ýmsa þætti í Hjallastefnu starfi.
Við fengum til okkar alls kyns fræðslu í vetur t.d. um skyndihjálp, tákn með tali sem við notum mikið í skólanum og í málörvunaráætlun. Starfsfólk sér einnig sjálf um ýmsa endurmenntun og mætti þar t.d. nefna; Pecs-námskeið, námskeið um ADHD, kvíða og einhverfu, íslensku fagnámskeið fyrir starfsfólk með íslensku sem annað tungumál o.fl. Á skipulagsdögum unnum við til dæmis með sögugerð og frásagnir og hvernig við getum gert sögur og söngva meira sýnilegt fyrir börn og höfum tekið miklum framförum þar.

## 5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Við erum með lotufundi þrisvar á önn þar sem við undirbúu komandi lotu, setjum okkur markmið með lotunni og leiðir að settum markmiðum. Lesum lesefni sem tilheyrir lotunni og rifjum upp.
Í október er hauststefna Hjallastefnunnar á skipulagsdegi og þar hittist Hjallastefnufólk af öllu landinu og fræðist um stefnuna og ýmislegt annað sem nýtist okkur vel. Í haust verðum við í Valsheimilinu með sex vinnustofur, sumar hjallískar og aðrar með utanaðkomandi fræðslu.

Á skipulagsdögum munum við fá fræðslu um tónlist með börnum, fá kynjafræðing til að fjalla um kynjablöndun og áherslur í kynjamálum. Við munum fá Hjallíska fræðslu ásamt því að nýta mannauðinn í húsinu til að styrkja okkur enn meira og einnig þurfum við skyndihjálparnámskeið.

## 6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Nú þegar Barnaskólinn í Reykjavík og Askja eru undir sama þaki er mikill og góður samgangur á milli skólastiga. Fimm ára börnin þ.e. elsti árgangur Öskju tilheyrir Barnaskólanum og teljum við að

með þessari staðsetningu náum við að brúa vel bilið á milli leik- og grunnskólans. Fimm ára nemendur hafa sinn kjarna út af fyrir sig í ró og næði en taka einnig þátt í Barnaskólastarfinu t.d. vikulegum söngfundum og einfaldari útgáfu af þeim smiðjum sem grunnskólabörnin fara í eins og listgreinasmiðju, stjörnufræði og heimilisfræði. Fimm ára börnin eru því vel undirbúin til að hefja skólagöngu 1. bekk í Barnaskólanum í Reykjavík eftir að fimm ára kjarna starfi er lokið.
Á liðnu skólaár var einnig blöndun á milli alls aldurs og kjarna í Öskju og í Barnaskólanum þar sem myndaðir voru "vina og vinkonur kjarnar" á milli skólastiga og skipulagðar heimsóknir og samvinna var á milli vina kjarna. Þar var t.d. sungið saman, leikið, spilað, borðað og margt fleira. Þetta gekk ótrúlega vel og mikil ánægja með þetta á báðum vígstöðvum. Þetta styrkti böndin á milli kennara skólanna tveggja sem deila hér húsnæði ásamt því að börnin þekkjast betur stór og smá sem er frábært fyrir okkar stóra skólasamfélag hér í Skógarhlíð. Þar sem við erum öll í sama húsnæði, Askja og Barnaskólinn er mikill samgangur allt skólaárið og erfitt að tímasetja viðburði nákvæmlega.

## 7. Foreldrasamstarf

Leikskólinn Askja stendur reglulega fyrir ýmsum viðburðum til að efla samstarf milli heimilis og leikskóla. Öllum nýjum foreldrum er boðið á kynningarfundi áður en barnið byrjar í skólanum. Þessir fundir eru haldnir í júní áður en aðlögun hefst og svo aftur í ágúst fyrir foreldra þeirra sem byrja eftir sumarlokun. Þá er starfið og stefnan kynnt og þær áherslur sem við leggjum á, ásamt góðum ráðum í sambandi við aðlögun.

Síðastliðið haust höfðum við foreldrafundi í upphafi skólaárs þar sem öllum foreldrum, hvers kjarna, var boðið í kvöldstund og spjall með kennurum kjarnans. Þar var sagt frá markmiðum kjarnans í lotuvinnu vetrarins framundan og fleira. Mjög skemmtilegt og mikil ánægja með og munum við halda þessu áfram.

Boðið er í foreldrakaffi og kjarna heimsóknir í kringum bónda- og konudaginn. Drengir bjóða fjölskyldum sínum í kaffi í kringum bóndadaginn og stúlkur sínum fjölskyldum í kringum konudaginn. Að auki er ýmsum öðrum óreglulegum uppákomum, sem tengja fjölskyldur við leikskólann fagnað og foreldrum boðið að taka þátt í leikskólastarfinu.

Hjallastefnuskólar starfa eftir ákveðnum matarstöðlum en það er stefna skólans að vera með sem minnst af hvítum sykri, hveiti og unnum kjötvörum í boði. Einnig tökum við fullt tillit til hinna ýmsu matarþarfa hjá fjölskyldum, hvort sem það er ofnæmi, óþol og eða ákvörðun foreldra, hvort börn

þeirra neyti kjöts eða fisks. Kokkurinn er þess vegna alltaf með mjög fjölbreyttan mat til að mæta þörfum allra.

Foreldraráð er starfandi við skólann og hluti af stjórnkerfi leikskólans. Kosið er í foreldraráðið að hausti, ár hvert á opnum foreldrafundi. Foreldraráð fundar að minnsta kosti tvisvar á starfsárinu og gefur umsögn um starfsáætlun og skóladagatal svo og skólanámskrá leikskólans.

Foreldrafélag er einnig starfandi í tengslum við skólann og í því sátu fimm foreldrar skólaárið 2025-2026 og eru fulltrúar frá öllum kjörnum. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir sumarhátíð á vordögum. Einnig hefur félagið boðið upp á fræðslufundi fyrir foreldra tvisvar yfir skólaárið. Foreldrafélagið hefur stundum kostað rútuferðir þegar farið er í lengri ferðir ásamt því að gefa leikskólanum ýmsar gjafir eins og skjávarpa, myndavélar, vatnsbrúsa og útibekki sem allt hefur nýst skólanum einstaklega vel. Einnig hefur félagið stundum glatt kennara skólans með einhverjum hætti.

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á skólaári þ.e. í október og febrúar og venja er að viðtölin fari fram á laugardögum sem hefur gefist mjög vel. Þessir dagar hafa verið sérstaklega hátíðlegir og það sem okkur finnst frábært við að hafa foreldraviðtölin á laugardögum, er að þá hafa báðir (flestir) foreldrar tækifæri til að mæta í rólegheitum, án þess að þurfa að skjótast í og úr vinnu og allir njóta dagsins.

Í tengslum við þessi foreldraviðtöl fylla kennarar út gátlista varðandi þroska- og félagslega stöðu barnanna og almennt gengi þeirra í leikskólanum sem svo er kynnt fyrir foreldrum í viðtölunum.

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

Gísli Rúnar Gíslason
Ásgerður Heimisdóttir
Berglind Emilsdóttir
Baldvin Hugi Gíslason
Ísak Þórhallsson

## 8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Hér eiga að koma upplýsingar um skipulagsdaga. Hægt er að setja þá beint inn í leikskóladagatal eða viðburðadagatal og láta það fylgja með og hafa í huga að það komi skýrt fram hvaða skipulagsdagar eru á sama tíma og í grunnskólanum.

## 9. Þróunarverkefni

| Heiti á þróunarverkefnis og helstu áherslur verkefnisins | Samstarfsaðilar | Hver styrkir? |
|---|---|---|
| Við erum að taka í gagnið nýjan skimunarlista fyrir kennara til að fylgjast með þroskaframvindu síns hóps. Sjá nánari lýsingu í Greinargerð leikskólastjóra.<br>Erum ekki komnar með samstarfsaðila formlega en byggjum listann á gögnum frá ýmsum aðilum. Erum að skoða styrkjamál.<br><br>Tilfinningalæsisverkefni byrjuðum við á í vetur og höldum áfram næsta vetur. Þar er kennsluáætlun byggða á bókinni Litaskrímslið. | | |

## 10. Fylgiskjöl:

10.1 Skóladagatal 2026-2027

10.2 Umbótaáætlun 2026-2027

10.3 Niðurstöður foreldrakönnun 2026

**Niðurstöður gæðamats 2026**

## Styrkleikar

Styrkleikar Öskju felast einkum í kærleiksmiðaðri og skapandi lýðræðisstefnu sem mótar allt starf okkar. Stefnan byggir á því að mæta hverju barni þar sem það er statt og efla styrkleika þess. Við leitumst stöðugt við að finna skapandi lausnir sem henta hverju barni og aðlögum starfið þegar þörf krefur. Að leiðarljósi er sú meginregla að við erum hér fyrir börnin, ekki öfugt, og því byggjum við skipulag og ákvarðanir á þörfum bana og foreldra.

## Tækifæri

Við leitum stöðugt leiða til að efla og styrkja starf okkar og viljum einfalda það þannig að það sé skýrt og gegnsætt. Undanfarið höfum við unnið að því að skýra ferla til að gera starfið skipulagðara og markvissara. Þótt stefnan okkar sé skýr og veiti traustan ramma, er mikilvægt að hafa einnig skýra verkferla, svo sem í sérkennslu, viðbrögðum vegna veikinda barna og öðrum þáttum starfsins.

F. h. leikskólans ..... Askja

Leikskólastjóri 10.07.26 Dagsetning

Askja - leikskóli
Skógarhlíð 6 • 105 Reykjavík
Sími 517-7720
www.hjalli.is

10.4 Umsögn foreldraráðs

# Starfsáætlun 2026 – 2027
# Askja

## Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð Öskju hefur farið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2026–2027. Foreldraráðið samþykkir starfsáætlunina sem lögð er fram og telur hana vera í góðu samræmi við það faglega starf sem unnið er í leikskólanum og þær áherslur sem kynntar hafa verið foreldrum.

Áætlunin veitir greinargóða og aðgengilega innsýn í starf leikskólans, skólasamfélagið og þær faglegu áherslur sem þar eru í forgrunni. Foreldraráð telur að starfsáætlunin endurspegli vel þá stefnu, gildi og starfshætti sem einkenna Öskju og Hjallastefnuna, þar sem áhersla er lögð á velferð barna, jákvæð samskipti og faglegt umbótastarf.

Foreldraráð metur það mikils að í starfsáætluninni komi skýrt fram áhersla á stöðugt umbótastarf. Sérstaklega er jákvætt að sjá hvernig brugðist er við niðurstöðum innra mats og starfskannana með skýrum áherslum og markvissum aðgerðum. Slík nálgun styrkir faglega þróun leikskólans og styður við gæði starfsins til lengri tíma.

Foreldraráð fagnar einnig áframhaldandi þróun starfs í yngstu kjörnum leikskólans. Áhersla á málörvun og skýrt skipulag í starfi með yngstu börnunum er mikilvægur þáttur í að mæta þörfum barnanna og leggja góðan grunn að þroska þeirra, námi og vellíðan.

Þá telur foreldraráð mjög jákvætt að áfram sé lögð rík áhersla á gott samstarf leik- og grunnskólastigs með samvinnu Öskju og Barnaskólans í Reykjavík. Með sameiginlegu starfi er stuðlað að samfellu í námi og góðum undirbúningi fyrir grunnskólagöngu.

Á heildina litið telur foreldraráð að starfsáætlun Öskju fyrir skólaárið 2026–2027 sé metnaðarfull, faglega unnin og endurspegli það hlýlega, skipulagða og öfluga skólastarf sem foreldrar upplifa í

leikskólanum. Það er mat foreldraráðs að starfið í Öskju sé unnið af mikilli fagmennsku, kærleika og festu og að starfsáætlunin endurspegli með skýrum hætti.

Foreldraráð fagnar jafnframt þeirri staðfestingu sem liggur fyrir um framtíðarhúsnæði skólans og telur að það muni bæta aðstæður til muna og styðja enn frekar við það góða starf sem unnið er í Öskju. Skólinn hefur verið starfræktur í tímabundnu húsnæði sem hentar starfseminni ekki að öllu leyti. Þrátt fyrir það hefur starfsfólki tekist einstaklega vel að skapa hlýlegt og vistvænt umhverfi og halda uppi faglegu og metnaðarfullu skólastarfi.

Foreldraráð þakkar starfsfólki og stjórnendum leikskólans fyrir framúrskarandi starf við krefjandi aðstæður og lýsir yfir áframhaldandi trausti og stuðningi við það starf sem unnið er í Öskju.

## Foreldraráð leikskólans skipa:

Gísli Rúnar Gíslason Gísli R. Gíslason
Ásgerður Heimisdóttir Ásgerður Heimisdóttir
Berglind Emilsdóttir Berglind Emilsdóttir
Baldvin Hugi Gíslason Baldvin Hugi Gíslason
Ísak Þórhallsson Ísak Þórhallsson

# Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

**Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?**

Já, áherslur starfsáætlunar samræmast vel starfi leikskólans síðasta ár. Greinilegt er að byggt er á þeirri reynslu og þeim áherslum sem hafa mótast í starfinu, og að áfram sé unnið markvisst að þeim gildum og vinnubrögðum sem hafa gefist vel.

**Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?**

Já, starfsáætlunin er aðgengileg og sett fram á skýran og skipulegan hátt. Textinn er almennt auðlesanlegur og framsetningin gerir lesendum auðvelt að átta sig á helstu áherslum og skipulagi starfsins.

**Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?**

Já, starfsáætlunin veitir góða innsýn í starfið. Hún gefur skýra mynd af stefnu, markmiðum og daglegu starfi leikskólans og hjálpar foreldrum að átta sig á áherslum og vinnubrögðum.

**Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?**

Almennt er starfsáætlunin vönduð og vel unnin. Helst mætti einfalda orðalag á köflum til að auka enn frekar skýrleika og tryggja að efnið sé aðgengilegt öllum lesendum. Einnig væri hægt að draga enn skýrar fram helstu verkferla í ákveðnum þáttum starfsins.

**Undirskrift fulltrúa í foreldraráði**

Gísli Rúnar Gíslason

Bergtinel Einbodóttir

allar undirskriftir eru á blaðu

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní.** Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

**Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

**Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST

Samband íslenskra sveitarfélaga

# Skóladagatal 2026 - 2027

Leikskólinn Askja

| | ÁGÚST | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | | NÓVEMBER | | DESEMBER | | JANÚAR | | FEBRÚAR | | MARS | | APRÍL | | MAÍ | | JÚNÍ | | JÚLÍ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | L | | 1 Þ | | 1 F | | 1 S | | 1 Þ | Fullveldisdagurinn | 1 F | Nýársdagur | 1 M | JÁKVÆÐNILOTA Framkoma | 1 M | VINÁTTULOTA Nálægð | 1 F | | 1 L | Verkalýðsdagurinn | 1 Þ | | 1 F | |
| 2 | S | | 2 M | | 2 F | | 2 M | SAMSKIPTALOTA Umburðarlyndi | 2 M | | 2 L | | 2 Þ | | 2 Þ | | 2 F | | 2 S | | 2 M | | 2 F | |
| 3 | M | Frídagur verslunarmanna | 3 F | | 3 L | | 3 Þ | | 3 F | | 3 S | | 3 M | | 3 M | | 3 L | | 3 M | OPIN VIKA | 3 F | | 3 L | |
| 4 | Þ | Sumarlokun | 4 F | | 4 S | | 4 M | | 4 F | | 4 M | OPIN VIKA | 4 F | | 4 F | | 4 S | | 4 Þ | | 4 F | | 4 S | |
| 5 | M | Sumarlokun | 5 L | | 5 M | SJÁLFSTÆÐISLOTA Sjálfstraust | 5 F | | 5 L | | 5 Þ | | 5 F | | 5 F | | 5 M | ÁRÆÐNILOTA Kraftur | 5 M | | 5 L | | 5 M | OPIN VIKA |
| 6 | F | Sumarlokun | 6 S | | 6 Þ | | 6 F | | 6 S | | 6 M | Þrettándinn | 6 L | Dagur leikskólans | 6 L | Foreldrasamtöl | 6 Þ | | 6 F | Uppstigningardagur | 6 S | Sjómannadagurinn | 6 Þ | |
| 7 | F | Sumarlokun | 7 M | AGALOTA Kurteisi | 7 M | | 7 L | | 7 M | OPIN VIKA | 7 F | | 7 S | | 7 S | | 7 M | | 7 F | Skipulagsdagur | 7 M | OPIN VIKA | 7 M | |
| 8 | L | | 8 Þ | | 8 F | | 8 S | | 8 Þ | | 8 F | | 8 M | OPIN VIKA Bolludagur | 8 M | VINÁTTULOTA Kærleikur | 8 F | | 8 L | | 8 Þ | | 8 F | |
| 9 | S | | 9 M | | 9 F | Skipulagsdagur Hauststefna Hjallastefnu | 9 M | SAMSKIPTALOTA Hjálpsemi | 9 M | | 9 L | | 9 Þ | Sprengidagur | 9 Þ | | 9 F | | 9 S | | 9 M | Útskrift 4 ára barna og sumarhátíð | 9 F | Sjómannadagurinn |
| 10 | M | Sumarlokun | 10 F | | 10 L | | 10 Þ | | 10 F | | 10 S | | 10 M | Öskudagur | 10 M | | 10 L | | 10 M | OPIN VIKA | 10 F | | 10 L | |
| 11 | Þ | Sumarlokun | 11 F | | 11 S | | 11 M | | 11 F | | 11 M | JÁKVÆÐNILOTA Virðing | 11 F | | 11 F | | 11 S | | 11 Þ | | 11 F | | 11 S | |
| 12 | M | Askja opnar | 12 L | | 12 M | SJÁLFSTÆÐISLOTA Öryggi | 12 F | | 12 L | | 12 Þ | | 12 F | | 12 F | | 12 M | ÁRÆÐNILOTA Virkni | 12 M | | 12 L | | 12 M | Sumarlokun opnum aftur 11. ágúst |
| 13 | F | | 13 S | | 13 Þ | | 13 F | | 13 S | | 13 M | | 13 L | | 13 L | | 13 Þ | | 13 F | | 13 S | | 13 Þ | Sumarlokun |
| 14 | F | | 14 M | AGALOTA Framkoma | 14 M | | 14 L | | 14 M | OPIN VIKA | 14 F | | 14 S | | 14 S | | 14 M | | 14 F | | 14 M | OPIN VIKA | 14 M | Sumarlokun |
| 15 | L | | 15 Þ | | 15 F | | 15 S | | 15 Þ | | 15 F | | 15 M | VINÁTTULOTA Félagsskapur | 15 M | OPIN VIKA | 15 F | | 15 L | | 15 Þ | | 15 F | Sumarlokun |
| 16 | S | | 16 M | | 16 F | | 16 M | SAMSKIPTALOTA Viðsýni | 16 M | | 16 L | | 16 Þ | | 16 Þ | | 16 F | | 16 S | Hvítasunnudagur | 16 M | | 16 F | Sumarlokun |
| 17 | M | | 17 F | | 17 L | | 17 Þ | | 17 F | | 17 S | | 17 M | | 17 M | | 17 L | | 17 M | Annar í Hvítasunnu | 17 F | Lýðveldisdagurinn | 17 L | |
| 18 | Þ | | 18 F | | 18 S | | 18 M | | 18 F | | 18 M | JÁKVÆÐNILOTA Hegðun | 18 F | | 18 F | | 18 S | | 18 Þ | OPIN VIKA | 18 F | | 18 S | |
| 19 | M | | 19 L | | 19 M | SJÁLFSTÆÐISLOTA Tjáning | 19 F | | 19 L | | 19 Þ | | 19 F | | 19 F | | 19 M | ÁRÆÐNILOTA Frumkvæði | 19 M | | 19 L | | 19 M | Sumarlokun |
| 20 | F | | 20 S | | 20 Þ | | 20 F | | 20 S | | 20 M | | 20 L | | 20 L | | 20 Þ | | 20 F | | 20 S | | 20 Þ | Sumarlokun |
| 21 | F | | 21 M | OPIN VIKA | 21 M | | 21 L | | 21 M | OPIN VIKA | 21 F | | 21 S | Konudagur | 21 S | Pálmasunnudagur | 21 M | | 21 F | | 21 M | OPIN VIKA | 21 M | Sumarlokun |
| 22 | L | | 22 Þ | | 22 F | Vetrarfrí | 22 S | | 22 Þ | | 22 F | Bóndadagur Foreldrakaffi drengir | 22 M | Vetrarfrí | 22 M | Páskafrí | 22 F | Sumardagurinn fyrsti | 22 L | | 22 Þ | | 22 F | Sumarlokun |
| 23 | S | | 23 M | | 23 F | Vetrarfrí | 23 M | SAMSKIPTALOTA Samstaða | 23 M | Þorláksmessa | 23 L | | 23 Þ | Vetrarfrí | 23 Þ | Páskafrí | 23 F | | 23 S | | 23 M | | 23 F | Sumarlokun |
| 24 | M | AGALOTA Virðing | 24 F | | 24 L | Fyrsti vetrardagur | 24 Þ | | 24 F | Aðfangadagur jóla | 24 S | | 24 M | VINÁTTULOTA Umhyggja | 24 M | Páskafrí | 24 L | | 24 M | OPIN VIKA | 24 F | | 24 L | |
| 25 | Þ | | 25 F | | 25 S | | 25 M | | 25 F | Jóladagur | 25 M | JÁKVÆÐNILOTA Kurteisi | 25 F | | 25 F | Skírdagur | 25 S | | 25 Þ | | 25 F | | 25 S | |
| 26 | M | | 26 L | | 26 M | Vetrarfrí | 26 F | | 26 L | Annar í jólum | 26 Þ | | 26 F | Foreldrakaffi stúlkur | 26 F | Föstudagurinn langi | 26 M | OPIN VIKA | 26 M | | 26 L | | 26 M | Sumarlokun |
| 27 | F | | 27 S | | 27 Þ | OPIN VIKA | 27 F | | 27 S | | 27 M | | 27 L | | 27 L | | 27 Þ | | 27 F | | 27 S | | 27 Þ | Sumarlokun |
| 28 | F | | 28 M | SJÁLFSTÆÐISLOTA Sjálfstyrking | 28 M | | 28 L | | 28 M | Jólafrí | 28 F | | 28 S | | 28 S | Páskadagur | 28 M | | 28 F | | 28 M | OPIN VIKA | 28 M | Sumarlokun |
| 29 | L | | 29 Þ | | 29 F | | 29 S | | 29 Þ | Jólafrí | 29 F | | | | 29 M | Annar í Páskum | 29 F | | 29 L | | 29 Þ | | 29 F | Sumarlokun |
| 30 | S | | 30 M | | 30 F | | 30 M | OPIN VIKA | 30 M | Jólafrí | 30 L | | | | 30 Þ | ÁRÆÐNILOTA Kjarkur | 30 F | | 30 S | | 30 M | | 30 F | Sumarlokun |
| 31 | M | AGALOTA Hegðun | | | 31 L | Foreldrasamtöl | | | 31 F | Gamlársdagur | 31 S | | | | 31 M | | | | 31 M | OPIN VIKA | | | 31 L | |

# Gæðainnlit Hjallastefnunnar

Leikskólinn Askja



# Berist til sviðstjóra skóla- og frístundasviðs og skrifstofustjóra leikskólamála

Til upplýsinga.

Innra gæðamat Hjallastefnunnar fór fram þann 12.3.2026 á leikskólanum Öskju. Innlitsaðilar voru þau Kristín Cardew fræðilegur ráðgjafi og kennari hjá Hjallastefnunni og Bóas Hallgrímsson framkvæmdastjóri fræðslu og fagstarfs með börnum.

Innra gæðamatið liggur á mörkum þess að teljast innra og ytra mat þar eð matsaðilar eru utanaðkomandi í leikskólanum en þó á vegum rekstraraðila, þ.e. Hjallastefnunnar ehf. Gæðamatið kemur til viðbótar öðru mati og eftir sem áður stendur leikskólinn fyrir umfangsmiklu innra mati samkvæmt lögum. Innra gæðamatinu er ætlað að rýna í fagstarfið með börnunum og ganga úr skugga um að það fari fram samkvæmt hugmyndafræði Hjallastefnunnar, þ.e. meginreglum og kynjanámskrá stefnunnar.

Matsaðilar dvöldu daglangt í leikskólanum, heimsóttu alla kjarna, fylgdust með vali, matmálstímum og hópatímum og ræddu við börn, starfsfólk og foreldra. Innlitið á Öskju gaf góða mynd af því skólastarfi sem þar fer fram; börnum og fjölskyldum þeirra var heilsað hlýlega við komuna í skólann, málrómur var hlýr og glaðlegur í öllum tilvikum og börnum heilsað með nafni. Öll samskipti barna á milli, og samskipti starfsfólks við börn og hvort annað, einkenndust af kærleika og hlýhug.

Hinir daglegu hópatímar höfðu skýrt upphaf og endi og hélt hver kennari vel utan um sinn hóp og var virkur þátttakandi í starfinu. Hópatímar eru kennarastýrðari stundir dagskipulagsins og gættu kennarar þess vel að öll börn fengju jafna athygli og tækifæri til þess að tjá sig og taka virkan þátt í öllu starfi. Bæði sáu innlitsaðilar uppbótarvinnu og kynjablöndun samkvæmt kynjanámskrá Hjallastefnunnar og fylgdust með matmálstímum sem höfðu rólegt og notalegt yfirbragð. Samkvæmt dagskipulagi Hjallastefnunnar falla matmálstímar undir grunnhugmyndir hópatíma, þar sem börnin njóta málsverða með sínum kennurum, sem hvetja til rólegra og jákvæðra samskipta milli barnanna. Á Öskju var slíku einmitt fyrir að fara hvar sem innlitsaðila bar að garði á matmálstímum. Þeir voru gæðastundir þar sem hópstýrur/stjórar sköpuðu hlýlegt andrúmsloft og nutu matar ásamt hópum sínum, yfir vinalegu spjalli um daginn og veginn.

Hið daglega val á leikskólanum Öskju er mikilvægt lýðræðisáhald, ein af grunnstoðum hugmyndafræði Hjallastefnunnar, þar sem óskir og val barnanna eru í brennidepli. Valfundir gengu vel fyrir sig, enda augljóst að börnin þekkja fyrirkomulag valfundanna og utanumhald vafundaskráninga vel. Að valfundi loknum gengu börnin keik og upplitsdjörf í sína króka, þar sem leikur og samskipti gengu almennt vel. Efniviður í valkrókum var í samræmi við handbók Hjallastefnunnar, þ.e. hinn opni efniviður sem styður við frjálsan leik barna, ýtir undir sköpun, útsjónarsemi, lausnamiðun og samvinnu. Einnig kemur opni efniviðurinn í veg fyrir samkeppni og þar með streitu í samskiptum barnanna.

Samverur á mottum voru vel skipulagðar af kennurum og verkefni aldursvarandi og vel útfærð. Sögur voru sagðar eða lesnar m.t.t. aldurs barnanna, málörvun tekin fyrir

og söngur heyrðist á öllum kjörnum. Alls staðar var komið fallega fram við börnin, af ástúð og einlægum áhuga á að láta þeim öllum líða og ganga vel. Einu athugasemdir innlitsaðila varðandi samverurnar tengdust tónhæð söngs, en stundum mættu skemmtistýrur/stjórar syngja hærra í tóni og eins að taka undir sönginn af meiri innlifun og áhuga. Eins virtu börn ekki umferðarreglur um mottuna, þ.e. þau notuðu ekki inn- og útgöngupláss sem eru til staðar á öllum vel merktu mottunum á Öskju. Það er auðvelt að skerpa á þessum þætti hjá starfsfólki kjarnanna.

Á leikskólanum Öskju eru börn frá 12 mánaða aldri upp í 5 ára börn. Það er virkilega gaman að fylgjast með því hversu mikill metnaður er lagður í að mæta börnunum þar sem þau eru stödd í þroska miðað við aldur og móta Hjallastefnustarfið með þann þátt í huga. Starfsfólkið gerir gott úr því bráðabirgðahúsnæði sem leikskólinn er starfræktur í. Bílastæðum fyrir framan leikskólann var breytt í þrjá litla garða og eina hollow block (holukubba) útistofu og verður að segjast að starfsfólk Öskju er framúrskarandi jákvæður hópur fagfólks, sem mætir ástandi útisvæðis og húsnæðisins almennt, sem áskorun fremur en vandamáli.

Það var augljóst á þeim foreldrum sem innlitsaðilar ræddu við, að þeir upplifa að börnin þeirra séu sátt og sæl í leikskólanum sínum, að þau komi glöð og áncegð heim eftir skóladaginn og að börnin þeirra upplifi að eftir þeim sé tekið og á þau hlustað. Þeim finnst almennt að börnin viti hvernig dagskipulagið rúllar, í röð og reglu, og að þetta sé einmitt eitt af því sem veiti börnunum öryggi og dragi úr streitu.

Sérkennsla, stuðningur og stoðþjónusta öll er í góðum farvegi, og hefur Magnea Snorradóttir skólafreyja til fjölda ára, góða yfirsýn yfir daglegan praktískan rekstur og því orðin ómissandi hluti af leikskólastarfinu. Upplýsingar á heimasíðu leikskólans eru almennt gagnlegar og aðgengilegar, nema þá helst upplýsingar um litlu kjarna, þ.e. yngstu börn leikskólans, sem virðast vanta alveg. Einnig þarf að uppfæra skólanámskrá skólans, en það er í vinnslu samkvæmt Guðrúnu Silju, leikskólastýru.

Metnaður Guðrúnar Silju Steinarsdóttur leikskólastýru, með dyggum stuðningi Sigríðar Ólafar Sæmundsdóttur aðstoðarstýru, birtist í öllu starfi og umgjörð skólans, þar sem R-reglur Hjallastefnunnar, röð, regla og rútína, eru í hávegum hafðar. Það sést einstaklega vel á kjörnuðu og snyrtilegu umhverfi skólans og nákvæmni í dagskipulagi og vinnubrögðum starfsfólksins, þar sem hugað er að hverju smáatriði, en sundurgreining og áhersla á smáatriðin eru einmitt aðall hugmyndafræði Hjallastefnunnar.

Með virðingu og kærleika,

Kristín Cardew og Bóas Hallgrímsson

# Foreldrakönnun

feb/mars 2026



Hjallastefnan

# Daglegt leikskólastarf

## Ánægja með leikskólann

Hér er spurt um líðan barns, samskipti við starfsfólk, dagleg viðfangsefni og starfshætti.
99% svarenda eru mjög eða frekar ánægð með leikskólann og erum við talsvert fyrir ofan landsm eðaltal í ánægju.

## Ánægja með stjórnun leikskólans

99% svarenda telja að skólanum sé mjög eða frekar vel stjórnað.

## Ánægja barnsins í leikskólanum

Hér er spurt um líðan barna í samverustundum, frjálsum leik, hópatímum og útiveru.
98% foreldra telja að barninu þeirra líði mjög eða frekar vel, í þessum aðstæðum.

## Mataræði

Spurt er hvort foreldrar telji að barnið þeirra fái hollan og góðan mat í leikskólanum og eins er spurt hvort þeirra barn sé með sérþarfir í matarræði.
14% barna eru með sérþarfir í mataræði sínu og allir svarendur eru sammála um að barnið þeirr a fái hollan og góðan mat í leikskólanum.

## Ánægja með húsnæði og aðstöðu

21% eru mjög ánægð með húsnæði og aðstöðu skólans, 57% eru frekar ánægð,
20% eru frekar óánægð og 2% eru mjög óánægð með húsnæði og aðstöðu skólans.

# Námsumhverfi

## Vinnubrögð

Allir svarendur eru sammála um að barnið þeirra fái þann stuðning og hvatningu sem það þarf vi ð námið.

99% svarenda eru sammála um að barnið þeirra fái stuðning ef upp koma vandamál vegna hegð unar/sérþarfa.
Allir svarendur eru sammála um að barnið þeirra er hvatt til sjálfstæðis.
97% svarenda eru sammála um að það séu notaðar fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að safna og skrá þroska- og námsferil barnanna en 3% eru frekar eða mjög ósammála.
Allir svarendur eru sammála um að flest starfsfólk virðist hæft og metnaðarfullt.

### Aðstaða

99% svarenda eru sammála um að námsumhverfi barnsins tekur mið af þroska þess.
Allir svarendur eru sammála um að barnið hafi aðgengi að fjölbreyttum efnivið í leikjum sínum.
Allir svarendur eru sammála um að námsumhverfi barnsins sé öruggt.
Allir svarendur eru sammála um að barnið hafi næg tækifæri til að leika sér.
Allir svarendur eru sammála um að námsumhverfi barnsins hvetji til rannsókna, sköpunar og tilrauna.

### Félagsleg samskipti

Allir svarendur eru sammála um að barnið læri að bera virðingu fyrir sér og öðrum.
Allir svarendur eru sammála um að barnið fái leiðsögn um ásættanlega hegðun í ólíkum aðstæðu m.
Allir svarendur eru sammála um að barnið fái næg tækifæri til að efla félagsfærni sína.
Allir svarendur eru sammála um að barnið þeirra eigi vini í leikskólanum.
Allir svarendur eru sammála um að barnið læri tillitsemi við aðra.

### Þátttaka án aðgreiningar

Allir svarendur eru sammála um að kennarar séu vakandi fyrir því að öll börn tilheyri í barnahóp num.Allir svarendur eru sammála um að börnum af ólíkum uppruna og menningu sé mætt á san ngjarnan hátt.
Allir svarendur eru sammála um að réttindi barna séu virt á kjarnanum.

## Samskipti við foreldra

## Upplýsingamiðlun

Allir svarendur eru sammála um að fá tækifæri til að miðla upplýsingum um barnið og fjölskyldu na til kjarnastjóra eða kennara barns síns.

95% eru sammála um að vera

vel upplýst um þau viðfangsefni sem unnin eru á kjarnanum en 5% svarenda er frekar eða mjög ósammála.

99% svarenda eru sammála um að vera látin vita af fundum eða sérstökum viðburðum.

99% svarenda eru sammála um að kennarar/kjarnastýrur hlusti á skoðanir foreldra varðandi ná m og þroska barnsins.

94% eru sammála um að fá að heyra þegar barninu þeirra gengur vel og 6% eru ósammála.

Allir svarendur eru sammála um að starfsfólk sé áhugasamt og samstarfsfúst í samræðum við foreldra um barn þeirra.

## Þekking á stefnu og námskrá skólans

96% foreldra telja sig vera upplýst um stefnu og námskrá skólans.

4% eru ósammála um að vera upplýst.

## Tengsl við starfsfólk leikskólans

99% svarenda telja tengsl sín góð við þau sem vinna á kjarna barnsins þeirra.

## Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu

90% svarenda eru sammála um að foreldraviðburðir í skólanum séu tímasettir þannig að foreldrar geti sótt þá. 10% eru ósammála.

## Heimasíða og Karellen

87% telja heimasíðu skólans vera með gagnlegar upplýsingar en 13% eru ósammála.

92% telja samskiptaforritið Karellen vera gagnlegt og 1% er ósammála. 4% notar það ekki.

# Upphaf og lok leikskólagöngu

### Leikskólabyrjun

Allir svarendur eru sammála því að börn og foreldrar hafi kynnst leikskólastarfinu saman og foreldrum gert kleift að taka virkan þátt í starfinu.
Allir svarendur eru sammála um að hafa fengið nægar upplýsingar um leikskólastarfið frá kennara á aðlögunartímanum.
Allir svarendur eru sammála um að hafa fengið næg tækifæri til að miðla upplýsingum um barnið sitt til kennara í aðlöguninni.
Allir svarendur eru ánægðir með hvernig aðlögun var háttað þegar þeirra barn byrjaði í leikskólanum.

### Flutningur á milli kjarna og skólastiga

97% eru sátt við hvernig var staðið að flutningi barnsins á milli kjarna í leikskólanum.
Allir svarendur eru sammála um að það sé lögð áhersla á samstarf við grunnskólastigið og að barnið þeirra fái að kynnast starfi grunnskólans á lokaárinu í leikskóla.

## Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta

### Hlutfall sérkennslu, stuðnings og sérfræðiþjónustu

16% barna hafa fengið sérkennslu eða sérstakan stuðning á skólaárinu.
5% svarenda segja að barnið þeirra hafi fengið sérfræðiþjónustu (sálfræðing, talmeinafræðing, iðjuþjálfa) á þessu skólaári. 2% hafa óskað eftir en ekki fengið. 5% eru á biðlista.

# Opin svör

## Hvað er gott við leikskólann

Starfsfólkið er best og hefur einlægan áhuga á börnunum.

Skipulagið og formfestan.

Þegar kennari er duglegur að fara út fyrir skólalóðina.

Þegar kennarar aðstoða foreldra með hegðun hjá barni og finna lausn á því.

Vettlingarnir.

Öryggi með að barnið geti alltaf mætt í leikskólann.

Hollur og góður matur.

Lítil velta á starfsfólki.

Litlir hópar með sinn kennara.

Loturnar.

Jákvæðni og frábært viðmót.

Barninu líður vel.

Skýr rammi.

Ró og skipulag á kjarnanum.

Efniviðurinn og skapandi lausnir.

Góðir stjórnendur sem eru sýnilegir og tilbúnir að hjálpa.

Gott upplýsingaflæði.

Tákn með tali.

Tekið vel á vandamálum.

Jafnrétti, agi, kurteisi og jákvæðni.

Hvernig er talað.

Móttakan á morgnanna.

Samskipti á Karellen.

Mikil hvatning til sjálfstæðis.

Vel rekinn skóli og leyst vel ef upp kemur mönnunarvandi.

Hugmyndfræðin og uppbótarvinnan.

Frábært að fá að vita þegar gengur vel en líka frábært þegar við fáum að vita þegar eitthvað þarf að skoða.

Myndi aldrei velja neitt annað.

Stefnan er einstök og mikilvæg í íslensku þjóðfélagi.

## Hvað má betur fara

Húsnæðið.

Útisvæðið.

Vantar stundum að fá örstutt spjall í lok dags við kennara um hvað barnið gerði.

Vantar meiri upplýsingamiðlun, finn mun á milli kjarna.

Vantar meiri miðlun til foreldra um viðfangsefni í náminu t.d. lotur .

## Úrbætur

Ath  betur framsetningu á hópatímaskráningum svo að það skili sér betur.

Betri eftirfylgd varðandi vikupósta og myndir til að samræma betur.

Skoða vaktafyrirkomulag upp á að geta mætt foreldrum betur í lok dags.